

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 31.10.24

Fundarstaður: Prentmet Oddi, Krókhálsi 4, 110 Reykjavík **Fundartími:** 16:30

Mætt: Jón Trausti Harðarson, Ævar Rafn Kjartansson, Tryggvi Þór Agnarsson, Katrín Jónsdóttir, Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir, Ágúst Guðjónsson og Lilja Rut Benediksdóttir

Gestur fundar: Málfríður Finnbogadóttir

Dagskrá fundar:

1. Framgangur í Skálholti
2. Sýning á Skálholti, nýjar hugmyndir
3. Framhaldið
4. Önnur mál

1. Framgangur í Skálholti

Jón Trausti setti okkur inn í húsnæðis stöðuna á Skálholti. Hann fékk fréttir og myndir af framgangi bókasafnsins í Skálholti. Bókasafnið er langt komið, búið að mála, setja gólfefni og bókaskápar komnir upp.

2. Sýning á Skálholti, nýjar hugmyndir

Katrín og Málfríður kynntu nýja hugmynd fyrir sýningarrýmið. Hugmynd þeirra er að vinna sýningu sem varpar ljósi á hvernig prentun var og er skapandi ferli. Með lausaletur sem rauðan þráð, sýndu þær hvernig sýningin gæti orðið bæði menningarleg og fróðleg fyrir fjölbreyttan hóp. Stjórn fékk innsýn í hönnun sýningarinnar sem tekur á sögu prentunar á Íslandi frá 1530-1800. Stjórnarmenn lýstu yfir áhuga á að vinna þessa hugmynd áfram, sem var samþykkt.

3. Framhaldið

Farið var yfir næstu skref og gerð voru lausleg markmið sem snúa að sýningarrými. Jón lagði til að við myndum halda kynningu á hugmyndum okkar að sýningunni fyrir Kristján vígslubiskup og Skálholtsnefnd. Það var samþykkt.

4. Önnur mál

- a. Vinnufundur um geymslugáma verður 1. nóvember. Það þarf að finna lausn á því hvernig við tökum á miklu magni af hlutum sem þar eru geymdir. Markmiðið er að skipuleggja og rýmka í þeim. Þessa vinnu ætla Jón og Tryggvi að leiða.

b. Ævar Rafn ræddi efni fyrir næsta fréttablað.

Fundi slitið 18:00,

Katrín Jónsdóttir, ritaði.